

15. febrúar 1975.

13

Nr. 18.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimt sérstakt innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum að undanskildum ökutækjum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

- 87.02.31 Sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.
- 87.02.32 Snjósleðar.
- 87.02.38 Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota.
- 87.03.01 Slökkviliðsbifreiðar.
- 87.03.02 Snjóplógar.
- 87.03.03 Kranabifreiðar.
- 87.03.09 Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum og bifhjólum er ákveðið 50% af tollverði (cif-verði) ökutækis, sbr. ákvæði II. kafla laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl.

Þó skal gjald af eftirtöldum tegundum bifreiða vera sem hér segir:

Af tollverði dráttarbifreiða í tollskrárnúmeri 87.01.20, almenningsbifreiða í tollskrárnúmeri 87.02.20 og vörubifreiða að burðarþoli 6 tonn og þar yfir í tollskrárnúmerum 87.02.33 og 87.02.34 skal gjaldið nema 25%.

Um ákvörðun tollverðs notaðra bifreiða skal í þessu sambandi farið eftir auglýsingu nr. 15/1974 um tollverð notaðra bifreiða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 103/1974 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 15. febrúar 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Dorsteinn Ólafsson.